

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 13. tbl. 6. árg. 13. september

Myndir augnabliksins eru teknar um borð í Húna II þegar nemendur Hlíðarskóla fóru á sjó. Þetta er partur af verkefninu „frá öngli í maga“.



Við eigum öll heima hér!

Það er óhætt að segja að nemendur grunnskóla Akureyrar séu jafn ólíkir og þeir eru margir. Við viljum leggja okkur fram til að skólaganga þeirra allra verði þeim til gagns og gleði. Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál munu nú dreifast enn frekar í hverfis-skóla bæjarins eftir að móttökudeild Oddeyrarskóla var lögð niður. Í síðustu viku var vefsíðan „Nemendur með íslensku sem annað tungumál“ tengd við síðu skóladeildar: <http://akmennt.is/erlendir/>. Með hverjum degi bætast fleiri upplýsingar á síðuna og við hvetjum kennara til að reyna að nýta sér hana sem best. Það er líka vel þegið að nemendur og kennarar taki sig til og sendi efni til birtingar. Nemendur geta sagt frá heimalandi sínu – eða landi sem þeim hefur þótt gaman að heimsækja og kynnst. Það er um að gera að koma öllum góðum hugmyndum á framfæri og auka þannig fjölbreytni og nýtingu síðunnar. Deilum hugmyndum, leiðum og ráðum!



„Frá öngli í maga“.

Nemendur í 6. bekk grunnskólanna á Akureyri fara á haustdögum í vettvangsferð á sjó á bátum Húna II. Það eru Hollvinir Húna II sem standa að ferðunum í samstarfi við Háskólann á Akureyri og skóladeild Akureyrarbæjar með stuðningi frá Saga Capital. Í ferðunum fá nemendur að kynnst sjávarútveginum og fræðast um lífríkið í sjó á metnaðarfullan hátt auk þess sem þeir fá fræðslu um ströndina og sögu bátsins. Sjávarlífræðingur frá Háskólanum á Akureyri eða Hafrannsóknarstofnun miðlar til þeirra á lífligan hátt fræðslu um lífríki sjávar og sérkenni Eyjafjarðarins og sýnir þeim þurrkaðar sjávarlífverur. Rennt er fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum er aflinn grillaður og smakkaður um borð. Fræðsla fer fram í sal (lest), þar sem nemendum eru sýnd gömul fiskileitartæki, veiðarfæri og önnur tilheyrandi tól og sagt frá notkun þeirra. Einnig heimsækja þau skipstjórnann í brúnni sem fræðir þau um stjórnun og siglingartæki skipsins. Nemendur fá fræðsluefni afhent sem miðlar fróðleik um hollustuna úr hafinu og þann fjölbreytileika sem matarkistan hafði býður uppá. Fiskispjald verður einnig afhent til að hengja upp í skólastofu þar sem það minnir á hollustuna úr hafinu og það sem þau upplifðu í ferðinni.

Fjöldi barna í leikskólum Akureyrarbæjar.

Í leikskólum bæjarins eru alls 1.110 nemendur. Fjölmennasti árgangurinn þar er árgangur 2010. Alls eru 312 nemendur skráðir í leikskóla í þeim árgangi. Fámennasti árgangur leikskólans er hins vegar árgangur 2009, sem telur 254 nemendur. Aðeins er búið að innrita 6 börn af árgangi 2011 í leikskólana í Hrísey og á Hlíðaból. Fjölmennasti leikskólinn í bænum er leikskólinn Hólmasól með 248 nemendur en fámennastur er leikskólinn í Grímsey með 4 nemendur.

Fjöldi nemenda eftir skólum er sem hér segir:

Iðavöllur	Lundarsel	Síðusel Holtakot	Pálmholt Flúðir	Sunnuból	Krógaból	Kiðagil	Naustatjörn	Hrísey	Grímsey
89	92	65 / 33	58 / 81	104	101	135	88	11	4

Hólmasól	Hlíðaból
148	50

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þagnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Danskir nemendur í heimsókn.

Í vetur er boðið uppá sameiginlega valgrein í dönsku í þremur skólum hér á Akureyri. Skólarnir eru Giljaskóli, Glerárskóli og Síðuskóli. Markmiðið með þessari valgrein er að efla færni nemenda í dönsku og auka áhuga og skilning á Norrænu samstarfi. Síðasta vor komust íslensku nemendurnir í samband við bekk í Börnenes friskole í Árósum. Krakkarnir hafa verið í tölvusamskiptum í sumar og þann 9. september komu dönsku nemendurnir til Akureyrar til vikudvalar. Í vetur munu hóparnir svo vera í samskiptum og vinna að ýmsum verkefnum, má þar nefna sameiginlega sögu landanna tveggja, náttúru- og stjórnfær. Í vor er fyrirhugað að íslenski hópurinn endurgjaldi Dönunum heimsóknina sem verður endapunkturinn á þessari valgrein. Sjá nánar á: <http://www.akureyri.is/skoladeild/frettir/danskir-nemendur-i-heimsokn>

Fréttir úr Grímseyjarskóla.

Skólinn var settur 22. ágúst og eru 13 nemendur í grunnskóladeild skólans og 4 í leikskóladeildinni. Tveir nýir nemendur hófu nám við skólann í haust. Skólastarfið hófst á þemaverkefni um samgöngur þar sem nemendur grunnskólans unnu saman að því að finna upplýsingar um ferju- og flugsamgöngur til Grímseyjar og þróun þeirra frá því rétt fyrir aldamótin 1900. Afraksturinn var síðan kynntur föstudaginn 31. ágúst. Þá buðu nemendur skólans foreldrum og ættingjum í skólann þar sem hóparnir kynntu niðurstöður sínar og að því loknu var boðið upp á kaffi og meðlæti sem nemendur höfðu bakað og skreytt í tilefni dagsins.



Ráðstefna 12. - 13. október.

Skaðleg áhrif hávaða í námsumhverfi barna er heiti ráðstefnu sem haldin verður í Hringssalnum á Landspítalanum, Háskólasjúkrahúsi. Fundarstjóri verður Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdarstjóri „Heimila og skóla“, landssamtökum foreldra. Ráðstefnan verður send í gegnum fjarfundabúnað til Háskólans á Akureyri, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði, Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum og Visku í Vestmannaeyjum.

Sjá nánar á: <http://www.ki.is/pages/22/NewsID/3733>

Leitin að grenndargralinu 2012 er hafin!

Leit grunnskólanema að Grenndargralinu hófst föstudaginn 7. september. Þetta er í fimmta skipti sem nemendur í 8.-10. bekk í grunnskólum á Akureyri hefja leit að hinu eftirsóknaverða grali. Í ár eru það fimm skólar sem taka þátt í leitinni: Síðuskóli, Glerárskóli, Brekkuskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og Naustaskóli. Fyrirkomulag Leitarinnar verður með sama sniði og og undanfarin ár. Tíu þrautir verða lagðar fyrir á jafnmörgum vikum og fá þátttakendur bókstaf fyrir hverja rétta lausn. Þeir raða saman bókstöfunum og mynda „lykilorðið“ sem þarf til að fá lokavísbindinguna. Þar með hefst kapphlaupið um gralið. Sjá nánar á: www.grenndargral.is

Göngum í skólann.

Átakið „Göngum í skólann“ byrjaði 5. september en þetta er í sjötta skipti sem Ísland tekur þátt í þessu alþjóðlega verkefni. Verkefnið hófst í Bretlandi árið 2000 og hefur þátttaka stöðugt farið vaxandi. Alþjóðlegi Göngum í skólann mánuðurinn er október og alþjóðlegi Göngum í skólann dagurinn er 6. október. Göngum í skólann verkefnið fer fram hér á Íslandi í septembermánuði og því lýkur á alþjóðlega Göngum í skólann deginum þann 5. október.

Meginmarkmið Göngum í skólann eru að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla. Þeir sem að verkefninu standa hérlandis eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Landlæknisembættið, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðastofa og Landssamtökin Heimili og skóli.

Sjá nánar á heimasíðu verkefnisins: www.gongumiskolann.is



Frá ritstjóra.

Lesendur eru hvattir til að senda inn greinar og ábendingar um efni sem gagn og gaman er af. Einnig hvers konar þróunarverkefni, myndir, fréttir og annað sem erindi á í Skóla akurinn.